

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst - vöruliðir				
Tollnúmer: 0202 og 0210:		95.000		
0202.3002 Lundir	01.07.03 - 30.06.04		0	522
0202.3003 Hryggvöðvar	01.07.03 - 30.06.04		0	522
0202.3004 Vöðvar af læri	01.07.03 - 30.06.04		0	522
Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:				
Tollnúmer: 0210.2001	01.07.03 - 30.06.04		0	318
Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:				
Tollnúmer: Svínakjöt, fryst:		64.000		
0203.2903 Hakkað	01.07.03 - 30.06.04		0	424
0203.2904 Lundir	01.07.03 - 30.06.04		0	424
0203.2905 Hryggvöðvar	01.07.03 - 30.06.04		0	424
0203.2906 Vöðvar af læri	01.07.03 - 30.06.04		0	424
0203.2909 Annað	01.07.03 - 30.06.04		0	424
Úr tollnr.: Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.03 - 30.06.04		0	303
Tollnúmer: 0210.1901	01.07.03 - 30.06.04		0	344
Úr tollnr.: 0210.1909	01.07.03 - 30.06.04		0	344
Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:				
Tollnúmer: Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:		59.000		
0207.1200 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.03 - 30.06.04		0	156
0207.1401 Beinlaust	01.07.03 - 30.06.04		0	156
0207.1402 Lifur	01.07.03 - 30.06.04		0	214
0207.1409 Annað	01.07.03 - 30.06.04		0	156
Af kalkúnnum:				
0207.2500 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.03 - 30.06.04		0	214
0207.2701 Beinlaust	01.07.03 - 30.06.04		0	214
0207.2702 Lifur	01.07.03 - 30.06.04		0	214
0207.2709 Annað	01.07.03 - 30.06.04		0	214
Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:				
0207.3300 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.03 - 30.06.04		0	214

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0207.3601 Annað: Beinlaust, (úrbeinað, fryst).	01.07.03 - 30.06.04		0	214
0207.3602 Lifur	01.07.03 - 30.06.04		0	214
0207.3609 Annað, (skorið í hluta fryst).	01.07.03 - 30.06.04		0	214
Annað kjöt, fryst - vörulíður 0208:				
Tollnúmer: Hreindýrakjöt		9.000		
0208.9007 Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.03 - 30.06.04		0	492
0208.9008 Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.03 - 30.06.04		0	492
Úr tollnr.:				
0208.9009 Annars - Dádýr, dúfur, fasanar, lynghænur og strútar, fryst	01.07.03 - 30.06.04	4.000	0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.